


Fréttabréf

Rannsóknastofu í kvennafræðum

við Háskóla Íslands



1. tölublað, 1. árgangur

Nóvember 1992

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands var formlega opnuð þann 25. ágúst 1991 með hátíðahöldum í Odda. Þar voru haldin erindi, flutt tónlist og sýnd myndlist eftir íslenskar konur. Hátíðin lofaði góðu og hefur starfsemin síðan verið bæði lífleg og fjölbreytt. Þannig hefur „rabb um rannsóknir og kvennafræði“ verið á dagskrá annan hvern miðvikudag. Þar koma konur úr hinum ýmsu fræðigreinum saman í hádeginu, kynna rannsóknir sínar og fá viðbrögð og athugasemdir frá áheyrendum. Þessir rabbfundir eru opnir öllum og mikilvægir í tvennum skilningi. Annars vegar eru þeir stuðningur við þær konur sem stunda rannsóknir og hins vegar kynna þeir um leið fyrir kollegum þeirra og öðrum það sem þær eru að fást við. Fundirnir hafa verið vel sóttir, jafnt af kennurum sem nemendum og öðrum áhugasömum. Opinberir fyrirlestrar hafa verið tveir á misseri og vel sóttir. Að lokum má nefna námskeiðahald sem stofan hefur staðið

að í samvinnu við aðra. Þar má nefna námskeið í kvennabókmenntum og annað í kvennasögu sem stofan efndi til með Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Ennfremur átti stofan þátt í að skipuleggja rannsóknanámskeið með *Nordisk Forskerutdanningsakademi* (NorFA) sem haldið var í Skálholti í sumar. Nú er ætlunin að hefja útgáfu fréttabréfs sem hefur það markmið að kynna starfsemi stofunnar, veita upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstefnur og fyrirlestra, bæði hérlendis og erlendis, birta frásagnir af spennandi ráðstefnum sem íslenskar konur hafa sótt, o.fl.

Fyrstu stjórn stofunnar skipuðu séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir, sóknarprestur, Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðrún M. Ólafsdóttir, dósent í landafræði, Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Kristín Björnsdóttir, lektor í hjúkrunarfræði og Ragnheiður Bragadóttir, lektor í lögfræði. Auður Eir og Ragnheiður fóru úr stjórn í

haust en í staðinn fyrir þær komu Kirstún Flygenring, hagfræðingur í viðskipta- og hagfræðideild og Sigríður Th. Erlends- dóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur.

Hlutverk Rannsóknastofu í kvennafræðum er, samkvæmt 2. grein reglugerðar frá Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 1990, að:

- efla og samhæfa rannsóknir í kvennafræðum,
- hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsakendur á sviði kvennafræða,
- koma á fót gagnabanka um kvennarannsóknir,
- vinna að og kynna niðurstöður rannsókna í kvennafræðum,
- veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í kvennafræðum,
- leita samstarfs við deildir um að auka þátt kvennafræða í kennslu fræðigreina,
- gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um kvennafræði og kvennarannsóknir.

NÝTT AÐSETUR STOFUNNAR

Rannsóknastofa í kvennafræðum er nú flutt í nýtt húsnæði í Sumarhöll, sem er lítið timburhús bakvið Tæknigarð (annað hús frá Tæknigarði). Stofunni hefur enn ekki verið úthlutað nýju símanúmeri, en hægt verður að ná sambandi við hana í gegnum skiptiborð Háskólans. Stofan verður opin á haustmisseri á miðvikudögum frá kl. 10-12 og 14-17 og á föstudögum frá kl. 10-13. Allir sem áhuga hafa eru hvattir til að líta inn og kynna sér starfsemi stofunnar. Bæklingar frá ýmsum erlendum stofnunum liggja þar frammi. Verið velkomin.

oo

KONUR MUNIÐ UMSÓKNARFREST VÍSINDARÁÐS!

Umsóknarfrestur til að sækja um styrk til Vísindaráðs Íslands rennur út þann 1. desember. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ráðsins á Bárugötu 3, en þar er opið frá kl. 10-12 og 14-16.

NÁMSKEIÐ Í GERÐ UMSÓKNA UM STYRKI TIL VÍSINDARÁÐS

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur ákveðið að bjóða upp á námskeið í gerð umsókna um styrki til Vísindaráðs. Höfum við fengið Helgu Kress prófessor til að annast leiðbeiningu á námskeiðinu. Það verður haldið í Sumarhöll fimmtudaginn 26. nóvember kl. 16-18 og er opið öllum sem stunda rannsóknir í kvennafræðum eða hafa hugsað sér að fara út í slíkt. Farið verður yfir umsóknir þátttakenda ef þess er óskað. Innritun fer fram á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum. Þátttökugjald er 500 krónur.

Út um skjáinn

Stofan hefur nokkur tengsl við útlönd. Hún er aðili að ENWS (European Network of Women's Studies) sem starfar á vegum Evrópuráðsins og hefur aðalstöðvar í Hollandi. ENWS gengst fyrir ráðstefnum og gefur út fréttabréf. Það liggur frammi á skrifstofu stofunnar og í því eru listar með nöfnum stofnana og einstaklinga víðs vegar um Evrópu sem stunda kvennarannsóknir, einnig upplýsingar um fundi og ráðstefnur á vegum ENWS og annarra, bókafrægnir, o.fl.

Stofan á einnig fulltrúa í samráðshópi um norrænar kvennarannsóknir sem starfar á vegum jafnréttisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar. Samráðshópurinn varð til upp úr jafnréttisátaki eftir stóru kvennaráðstefnu *Nordisk Forum* í Osló 1988. Mest allt ráðstöfunarfé hópsins er notað til að greiða laun tengils (koordinator for nordisk kvinneforskning), sem er eins konar framkvæmdastjóri hópsins. Starfssvið tengilsins er að efla tengsl og samvinnu þeirra sem stunda og/eða hafa áhuga á kvennarannsóknnum á Norðurlöndum og vinna að eflingu rannsókna og kynna þær utan Norðurlanda. Til starfsins var ráðinn finnskur félagsfræðingur, Solveig Bergman. Heimilisfang hennar er: Åbo Akademi, Åbo, SF-20500 Finland, sími: 358-21-654 813, fax: 358-21-654 808. Til hennar geta íslenskar konur leitað sem vilja fá upplýsingar um styrki, ráðstefnur, rannsóknir, o.fl.

Samráðshópurinn er skipaður einni konu frá hverju landi og hittist vor og haust. Formaður jafnréttisnefndar nor-

rænu ráðherranefndarinnar stjórnar fundunum og fylgist með starfsemi, sem og Christina Österberg, ráðgjafi ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Fulltrúi Íslands er Guðrún Ólafsdóttir, varamaður Guðný Guðbjörnsdóttir.

Haustfundur var að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn 5.-6. október s.l. Að venju sagði hver fulltrúi helstu tíðindi af rannsóknnum í sínu landi og kom ýmislegt uppörvandi fram. Í Svíþjóð er verið að auglýsa þrjú ný prófessorsembætti í kvennafræðum og fjárveitingar til kvennarannsóknna hafa verið auknar. Í Finnlandi hefur fyrsta kvennarannsóknastofan — Christina institutionen — tekið til starfa við Helsingiháskóla. Þar í landi eru konur að safna í kvennasjóð með því að hvetja allar konur til að leggja fram 10 mörk. Er þetta ekki nýtileg hugmynd? — Ef allar íslenskar konur legðu 100 krónur í kvennasjóð yrði hann um 13 milljónir !!! Í Danmörku hefur farið fram mat á því hvernig og hvort hinar sérstöku fjárveitingar sem kvennarannsóknir hafa notið undanfarin sex ár hafa skilað sér. Þeim var ætlað að leiðrétta slagsíðuna í þekkingunni á sögu, lífi og störfum kynjanna annars vegar og hins vegar að auka jafnrétti milli kynjanna innan háskólanna. Niðurstöðurnar eru þær að mikið hafi áunnist í rannsóknnum þó að margt sé enn óunnið; hins vegar hafi lítið miðað í jafnréttisátt innan háskólanna að öðru leyti en því að jafnræði milli kynjanna meðal stúdenta í mörgum greinum hafi aukist. Enn er óljóst hvernig þjóðþingið bregst við þessum niðurstöðum. Í Nor-

egi fagna konur því að 10 ár eru liðin síðan skrifstofa fyrir kvennarannsóknir var stofnuð innan norska vísindaráðsins (NAVF Norges almenn vitenskapelige forskningsråd) og ennfremur því að með endurskoðuðum lögum um vísindaráð, sem nú eiga að koma til framkvæmda, batnar og eflist staða kvennarannsókna. Tíu ára afmælinu verður fagnað með ráðstefnu um kvennarannsóknir og rannsóknapólitík dagana 3.-4. nóvember. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Viten, Vilje, Villkår*. Samráðshópnum er boðið til ráðstefnunnar og mun Guðný Guðbjörnsdóttir sækja hana fyrir Íslands hönd.

Á fundi samstarfshópsins var m.a. ákveðið að efna til ráðstefnu norrænna kvennarannsóknastofa og -stofnana á komandi sumri eða hausti þar sem rætt

yrði um stefnur og strauma og jafnframt undirbúin þátttaka í *Nordisk Forum* 1994 í Åbo. Nánar verður sagt frá þessum áformum síðar.

Eftir síðasta vorkund sendi hópurinn inn tillögu um hringborðsumræður á 5. alþjóðlegu þverfaglegu kvennaráðstefnunni (Fifth International Interdisciplinary Congress on Women) sem haldin verður í Costa Rica 22.-26. febrúar 1993. Umræðuefnið er: Efling kvennarannsókna; reynsla Norðurlandþjóðanna. (Promoting women's studies: the experience of the Nordic countries). Tillögunni var vel tekið og hópurinn boðinn velkominn. Enn er möguleiki að skrá sig á ráðstefnuna. Frekari upplýsingar má fá í síma 91 69 44 84. GÓ

NÓRA

NÓRA, nýja norræna kvennarannsóknatímaritið, er nú orðið að veruleika. Fyrsta hefti NÓRU kemur út í janúar og annað heftið með vorsólinni ef vel gengur. Það veltur m.a. á því að allar áhugakonur um kvennarannsóknir bjóði NÓRU velkomna og gerist áskrifendur að henni.

NÓRU er ætlað að vera sýningar-gluggi okkar út í umheiminn, hún er skrifuð á ensku og í henni á að birtast það besta sem skrifað er í kvennarannsóknnum á Norðurlöndum. Í fyrsta hefti NÓRU verður því miður engin grein eftir íslenska fræðikonu vegna þess að engin grein barst frá íslenskum fræðikonum! Vel á fjórða tug greina bárust hins vegar frá hinum Norðurlöndunum. Eru ís-

lenskar fræðikonur nú hvattar til að senda greina inn til birtingar í NÓRU, nýta sér þetta tilfæri til að koma verkum sínum á framfæri og koma í veg fyrir að slyðruorð festist á íslenska rannsóknasköruna. Ritstjórnin velur að sjálfsögðu greinar til birtingar eftir gæðum en ekki löndum, en ekkert fer á prent ef ekkert er sent inn. Ritstjórnarfulltrúi okkar er Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og er konum sem vilja senda inn greinar bent á að snúa sér til hennar í Odda eða símleiðis í síma 69 45 08. Þær sem vilja gerast áskrifendur snúi sér til Þórunnar Sigurðardóttur hjá Rannsóknastofu í kvennafræðum. SDK

Kynning á nýjum bókum

Bandaríski blaðamaðurinn Susan Faludi sem hlaut Pulitzer-verðlaunin 1991 sendi á þessu ári frá sér bókina *Backlash—The Undeclared War Against Women* (Chatto & Windus, London, 1992). Bókinni hefur verið líkt við tímamótaverk á borð við *Le Deuxième Sexe* eftir Simone de Beauvoir (1949) og *The Feminine Mystique* (1963) eftir Betty Friedan og varð á hvers manns vörum þegar hún kom út á þessu ári. Í bókinni rannsakar Susan Faludi bakslagið í kvenréttindabaráttunni síðasta áratug. Hún segir að grafið hafi verið undan sjálfstrausti kvenna og framförum á öllum sviðum á markvissan hátt: í stjórnmálum, kvikmyndum, fjölmiðlum, atvinnulífi og einkalífi. Hér er um merkt heimildarrit að ræða þar sem höfundur kryfur til mergjar blekkingarnar sem hafa rennt stoðum undir bakslagið. Hún hrekur ranga statistik, hræsni og ósannindi í tímabærri bók sem á brýnt erindi við alla sem láta sig kvenréttindi varða.

Hin bandaríska Marilyn French er höfundur bókarinnar *The War Against Women* (Hamish Hamilton, London, 1992). Þar fjallar hún um stöðu kvenna

og sýnir fram á að kvenhatur nútímans sé ekki aðeins viðhorf heldur kerfisbundin stefna á öllum sviðum og alls staðar. Af fyrri bókum Marilyn French má nefna *The Women's Room* sem þýdd hefur verið á íslensku og *Beyond Power: Women, Men and Morals*.

Bandaríski rithöfundurinn Gloria Steinem hefur sent frá sér bókina *Revolution from Within. A Book of Self-Esteem* (Bloomsbury, London, 1992). Hún segir frá lífi sínu og tekur til meðferðar eigin leit að sjálfstrausti og bendir á hvernig of lítið sjálfstraust dragi úr allri orku. Hún telur að sjálfstraust sé öllum eðlilegt, að það sé eitt grundvallar gildi mannlegs lífs. Of margir missi hins vegar sjálfsvirðingu snemma á ævinni og í þeim efnunum sé stúlkum mun hættara en piltum. Gloria Steinem er þekkt fyrir bækur sínar *Outstanding Acts and Everyday Rebellions* og *Marilyn*, ævisögu Marilyn Monroe. Hún er stofnandi og fyrsti ritstjóri bandaríska tímaritsins *Ms*, einn helsti talsmaður kvenréttinda vestanhafs og hefur ritað margar greinar í blöð og tímarit. SThE

Athugið! Við erum opnar fyrir nýjum hugmyndum um starfsemi stofnunar, uppástungum um fyrirlesara, efni í fréttabréfið, o.s.frv. Komið, hringið eða skrifið ef þið hafið eitthvað til málanna að leggja.

Höfðingleg gjöf

Á síðastliðnu ári barst rektor bréf frá stjórn Landsbanka Íslands þess efnis að hún vildi færa Rannsóknastofunni bóka-gjöf eftir eigin vali að andvirði kr. 150.000.- Eftir marga og langa fundi stjórnarkvænna stofunnar var ákveðið að biðja um að keypt yrðu tímarit sem myndu gagnast öllum hvert sem fagsviðið væri. Efst á lista var *Studies on Women Abstracts* frá upphafi 1983, gefið út af Carfax Publishing Company í Oxford. Ritið er nú komið og stendur í hillum með öðrum bókfræðiritum á Hátíðasalnum. Í ritinu er að finna útdrætti úr

greinum um kvennarannsóknir í fjölmörgum tímaritum bæði almennum fagtímaritum og feminískum tímaritum. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra eru bresk og bandarísk, stök frönsk, hollensk, belgísk og þýsk og nokkur frá Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Suður Afríku.

Stjórn stofunnar þakkar stjórn Landsbankans þessa höfðinglegu gjöf og metur mikils þá viðurkenningu sem í henni felst.

Þess má geta að háskólabókavörður hefur samþykkt að safnið verði áskrifandi að tímaritinu. GÓ

Nytsamleg bókaskrá

Í sömu hillu og *Studies on Women Abstracts* er að finna bókaskrá *Ny litteratur om kvinnor*, sem gefin er út af kvennasögusafninu í bókasafni Gautaborgarháskóla (Kvinnohistoriska samlingar, Göteborgs universitetsbibliotek).

Hún hefur komið út síðan 1982 og geymir skrá yfir bækur og tímaritsgreinar á norðurlandamálum, ensku og þýsku og skiptist 25 efnissvið. Skráin er einnig aðgengileg gegnum tölvupóst. GÓ

Námskeið í kvennafræðum í Skálholti

Dagana 8.-15. júní síðastliðið sumar var haldið norrænt rannsóknánámskeið í kvennafræðum í Skálholti. Námskeiðið, sem var styrkt af NorFA (Nordisk Forskerutdanningsakademi), var haldið að frumkvæði dr. Guðrúnar Jónsdóttur félagsráðgjafa og fleiri norrænna kvenna sem höfðu tekið þátt í svipuðu námskeiði í Finnlandi sumarið 1989. Hugmyndin var upphaflega kynnt á fundi hjá Áhugahópi um íslenskar kvennarannsóknir, en eftir formlega stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands þótti eðlilegt að hún stæði að námskeiðinu og hefði samband við NorFA. Á Íslandi starfaði undirbúningsnefnd að skipulagningu námskeiðsins í samvinnu við hóp sem skipaður var fulltrúum frá hinum Norðurlöndunum. Að auki veitti Solveig Bergman, sem starfar á vegum samráðshóps um norrænar kvennarannsóknir, ómælda aðstoð.

Yfirskrift námskeiðsins var: *Mótun kynbundinnar sjálfstímyndar við mismunandi sögulegar og félagslegar aðstæður*. Eins og yfirskriftin gefur til kynna var markmiðið að leita svara við spurningum eins og: Hvað er líkt og hvað er ólíkt með sjálfsvitund norrænna kvenna og hvernig tengist hún sjálfsvitund kvenna í öðrum heimshlutum? Hvaða sögulegir og félagslegir þættir hafa mótað sjálfstímyndina? Hvernig skilar hún sér milli kynslóða? Hvernig breytist hún í tímans rás?

Námskeiðið var ætlað konum sem leggja stund á kvennarannsóknir og var ætlunin m.a. að veita þátttakendum

stuðning við þróun rannsóknaverkefna sinna. Því var það skipulagt þannig, að haldnir voru fyrirlestrar fyrirhluta dags, en síðdegis unnu þátttakendur í hópum. Einnig buðu kennararnir til að veita þeim nemendum, sem á því hefðu áhuga, enn meiri leiðbeiningu í einkaviðtölum og nýttu margir þátttakenda sér það óspart.

Námskeiðið var þverfaglegt, en þó aðallega á sviði félags- og hugvísinda. Margir kennaranna voru bókmenntafræðingar, enda er tungumálið og textinn lykilatriði í rannsóknum á mótun sjálfstímyndar. Námskeiðið hófst á fyrirlestri sem Rosi Briadóttir, prófessor í kvennafræðum og heimspeki við frjálsa háskólann í Amsterdam, flutti um fræðilega stöðu kvennarannsókna í dag. Vakti erindi hennar almenna hrifningu og lögðu þeir fyrirlesarar sem á eftir komu sig fram um að setja sín viðfangsefni í samhengi við framsögu Briadóttir. Það er mat þeirrar sem þetta ritar að almennt hafi fyrirlesararnir verið mjög færir hver á sínu sviði og að á námskeiðinu hafi verið kynntar nýjar og áhugaverðar hugmyndir og kenningar í kvennarannsóknum.

Þátttakendur námskeiðsins voru þrjátíu, tíu frá Íslandi og fimm frá hverju hinna Norðurlandanna. Margir umsækjendur voru um hvert pláss frá hinum Norðurlöndunum, en undirbúningsnefndin átti í erfiðleikum með að finna næga þátttakendur á Íslandi. Var það leitt, þar sem vonast hafði verið til að þetta námskeið gæti orðið til að efla kvennafræðisöknir á Íslandi. Kennslan fór fram á dönsku, sænsku, norsku og ensku.

Síðasta dag námskeiðsins var haldinn fundur um afrakstur þess. Þar komu fram ýmsar hugmyndir um skipulag, undirbúning og annað varðandi slíkt námskeiðshald, en almennt voru konurnar mjög ánægðar. Á fundinum var einnig tekin ákvörðun um að halda næsta norræna kvennarannsókn námskeiðið í Danmörku. Er undirbúningurinn þegar hafinn, en fyrir liggur tillaga um að

yfirskriftin verði: *Kyn, líkami og heilbrigði*. Áætlað er að halda námskeiðið á árinu 1994, ef fjármagn fæst. Í undirbúningshópnum af Íslands hálfu er Unnur Dís Skaptadóttir, síma 1 77 31, og til vara Kristín Björnsdóttir, síma 69 49 78 og 3 82 78. Íslenskar konur eru eindregið hvattar til að sækja um þátttöku í námskeiðinu.

Kristín Björnsdóttir.

Áttunda norræna kvenlögfræðingamótið í Tromsö í Noregi 24.-27. maí 1992

Norrænir kvenlögfræðingar hafa gengist fyrir ráðstefnum allt frá árinu 1974, oftast með tveggja ára millibili. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Tromsö í Noregi og var yfirskrift hennar *Konur og EB*.

Mörg athyglisverð erindi um áhrif EB á líf kvenna voru flutt á ráðstefnunni, en einnig kom EES-samningurinn mikið inn í umræðuna. Fjallað var um sögulegan aðdraganda stofnunar EB og ástæður sem þar lágu að baki. Taldi fyrirlesari upphaflegu hugmyndina á bak við EB vera þá, að ríki sem eru tengd efnahagslegum böndum fari síður með ófriði á hendur hverju öðru en ella. Þróun og starfsemi EB var rakin, sagt frá uppbyggingunni og muninum á EB og EES og fjallað um vinnurétt og flæði vinnuafis milli EB-landanna. Í síðasttalda erindinu kom fram að konur innan EB flyttu einkum milli landa vegna atvinnu eiginmanna sinna, en ekki á „eigin“ vegum. Þá var

rætt um fjölskyldurétt og lögð áhersla á að mikilvægt væri að skilja á milli fjölskylduréttar og jafnréttismála. Þá var flutt erindi um refsirétt, en ennþá hafa ekki verið settar reglur á sviði refsiréttar innan EES. Í þessu erindi var einnig greint frá hugmynd um evrópska lögreglu, EUROPOL, sem aðallega myndi sinna landamæraeftirliti og baráttu gegn eiturlyfjum og hryðjuverkastarfsemi. Síðasta dag þingsins var einkum fjallað um kvennarétt í Afríku. Þar kom fram að norrænir kvenlögfræðingar hafa stutt uppbyggingarstarf í Mozambique, en þar hefur verið settur á stofn eins konar alþýðudómstóll. Hafa konur óspart notfært sér að geta leitað þangað ef þær telja sig hafa verið órétti beittar.

Fyrirlesurum var tíðrætt um skoðanakannanir sem gerðar höfðu verið í Svíþjóð og Noregi, en samkvæmt þeim voru konur eindregnari í afstöðu sinni gegn EB/EES

en karlar. Það kom þó einnig fram að því meiri menntun sem konur höfðu, þeim mun lílegri voru þær til að styðja inngöngu þjóða sinna í EB/EES. Ástæðan var af mörgum ráðstefnugestum talin vera sú að atvinnuönguleikar menntaðra kvenna ykjast við inngöngu í EB/EES en meiri vafi léki á því hvort aðildin að EB/EES gagnaðist minna menntuðum konum að þessu leyti. Þetta hefur þó ekki verið rannsakað til hlítar.

Mikið vantar á að áhrif inngöngu Svíþjóðar, Noregs og Finnlands í EB/EES á líf kvenna hafi verið athuguð til fulls. Umræðan hófst í Svíþjóð fyrir tveimur

árum, fór hægt af stað, en er nú komin á fullt skrið. Hér á Íslandi hefur hún vart farið af stað enn. Það er því býnt verkefni að hrinda þeirri umræðu af stað hér á landi og gera konur þar með meðvitaðar um stöðu sína og þær aðstæður sem skapast ef Ísland gerist aðili að evrópsku efnahagssvæði.

Næsta ráðstefna verður í Helsinki að tveimur árum liðnum.

Útdráttur úr greinargerð Birnu Hreiðarsdóttur, Jafnréttisráði, en hún var einn af íslensku þátttakendum á ráðstefnunni. ÞS.

Alþjóðlegar ráðstefnur

22.-24. janúar 1993 í Palo Alto, Californíu

Simone de Beauvoir and Women Writers Throughout the Centuries. Ráðstefna sem Simone de Beauvoirfélagið í Bandaríkjunum heldur. Upplýsingar gefur Yolanda Astarita Patterson, 440 La Mesa Drive, Monlo Park, California 94028, USA.

22.-26. febrúar 1993 í Costa Rica

5th International Interdisciplinary Congress on Women. Upplýsingar fást hjá Mirta Gonzáles-Suárez, School of Psychology/PRIEG, University of Costa Rica, Apdo. 2060 San Pedro, Costa Rica. Sími +506 34 1495; fax +506 53 4601.

27.-30. maí 1993 í Tammerfors, Finnlandi

Det IV Nordiska kvinnohistoriker-mötet. Þema ráðstefnunnar er „Kvinnohistoriens nya utmaningar: från sexualitet till världshistoria.“ Upplýsingar fást hjá Pirjo Markkola, Tammerfors universitet, Historiska institutionen, Box 607, SF-33101 Tammerfors, Finland. Sími +358 31 156543 og +358 31 122285; fax +358 31 156980.

2.-5. júní 1993 í Amsterdam

Out of the Margin: Feminist Perspectives on Economic Theory. Upplýsingar: Jolande Sap, Dpt. of Economics, University of Amsterdam, Jodenbreestraat 23, NL-1011 NH Amsterdam, Holland. Sími +31 20 525 4367.

11.-13. júní 1993 í New York

9th Berkshire Conference on the History of Women: Transformations: Women, Gender and Power. Ráðstefnan verður haldin í Vassar College in Poughkeepsie, New York. Upplýsingar: Margaret Hunt, Amherst College 2254, P.O. Box 5000, Amherst, Massachusetts 01002, USA.

4.-9. júlí 1993 í Tammerfors í Finnlandi

III European Congress of Psychology. Þar verða m.a. til umfjöllunar þemun „Women in management research; Women, men and cross-gender interaction at work; Gay and lesbian issues in psychology”. Upplýsingar: III European Congress of Psychology, P.O. Box 905, SF-00101 Helsinki, Finland. Sími +358 0 701 3839; fax +358 0 701 3919.

11.-14. ágúst 1993 í Åbo í Finnlandi

Societies in Transition: Canada and the Nordic Countries. Ráðstefnan er skipulögð af *The Nordic Association for Canadian Studies*. Þemaráðstefnunnar er „Hlutverk og mikilvægi kvenna í þjóðfélagsþróuninni.” Upplýsingar gefa Keijo Virtanen, University of Turku, Dpt. of Cultural History, SF-20500 Turku/Åbo, Finland. Sími +358 21 633 5220; fax 633 6560; Bengt Streijffert, Högskolan i Östersund, S-83125 Östersund, Finland. Sími +46 63 155 427; Tuomo Laitinen, Orisaarentie 5 E, SF-00840 Helsingfors, Finland. Sími +358 0 698 3583.

1.-6. ágúst 1994 í Åbo í Finnlandi

Nordiskt Forum 1994. Þema ráðstefnunnar verður „Líf og vinna kvenna.” Upplýsingar: Marianne Laxén, PB 267, 00171 Helsingfors, Finland. Sími +358 0 160 4367; fax +358 0 160 4366 eða 160 5751.

Fyrirlestrar og rabbfundir Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands á haustmisseri 1992**Rabb um rannsóknir og kvennafræði:****Miðvikudaginn 30. september kl. 12-13 í stofu 202 Odda**

Sérstaða og gerð hins íslenska kvenleika. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir félagssálfræðingur talar um rannsóknir sínar á fegurðarsamkeppnum.

Miðvikudaginn 14. október kl. 12-13 í stofu 202 Odda

Vinátta Guðs og kvennahreyfingin. Séra Auður Eir Vilhjámsdóttir sóknarprestur talar um rannsóknir sínar í kvennaguðfræði.

Miðvikudaginn 28. október kl. 12-13 í stofu 202 Odda

„Hlutlægni“ í sögu eðlisfræðinnar. Sigríður Lilly Baldursdóttir eðlisfræðingur talar um athuganir sínar á hugmyndum um „hlutlægni“ í sögu eðlisfræðinnar og veltir fyrir sér spurningunni um „kvenlega hlutlægni“.

Miðvikudaginn 11. nóvember kl. 12-13 í stofu 202 Odda

Ragnheiður Jónsdóttir og hinn þunglyndi nútími. Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur talar um rannsóknir sínar á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur rit höfundar.

Miðvikudaginn 25. nóvember kl. 12-13 í stofu 202 Odda

Að skrifa íslenska kvennabókmenntasögu. Helga Kress bókmenntafræðingur tala um rannsóknir sínar á íslenskri kvennabókmenntasögu.

Opinberir fyrirlestrar:**Laugardaginn 3. október kl. 15 í stofu 201 Odda**

Dr. Jeanne de Bruijn, prófessor í kvennafræðum við Félagsvísindadeild Vrije Universiteit í Amsterdam: *Structure and Culture of the Workplace from a Gender Perspective.*

Þriðjudaginn 17. nóvember kl. 17 í stofu 101 Odda

Sigríður Jónsdóttir félagsfræðingur: *Lífskjör gamalla kvenna á Norðurlöndum.* Fyrirlesturinn verður kynntur nánar síðar.

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum mun koma út tvisvar til þrisvar á vetri. Þar sem kostnaður við útgáfu og sendingu fréttabréfsins verður talsverður, þá förum við fram á að þeir sem vilja fá það sent heim greiði 500 króna árgjald. Ef þið hafið áhuga á að vera áfram á lista yfir móttakendur fréttabréfsins, biðjum við ykkur um að senda í pósti ávísun stílaða á Rannsóknastofu í kvennafræðum, eða greiða gjaldið þegar þið eigið leið hjá stofunni. Kostnaður við gíróseðla myndi hækka gjaldið verulega. Með von um góð viðbrögð.

Stofan

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhöll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík